

**Nd.**

**279. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Hákonu Kristóferssyni, Benedikt Sveinssyni,  
Pjetri Ottesen, Birni Stefánssyni og Pjetri Þórðarsyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, sem hafa handbært fje, er þau setja á vöxtu, eru skyld til að geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, ef staðhættir leyfa. Enn fremur eru starfsmenn ríkisins skyldir til að geyma þar alla þá peninga, sem þeir hafa undir höndum fyrir ríkið eða vegna embættisins, undir sömu skilyrðum.

Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn heimild til að taka við tryggingar-geymslufje (depositum).

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.